



Umboðsmaður Alþingis  
Þórshamri, Templarasundi 5, 150 Reykjavík.

## Kvörtun til umboðsmanns Alþingis

Upplýsingar um þann sem ber fram kvörtun

Fullt nafn Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE)	Kennitala 550269-4229	
<b>Heimili</b> Pósthússtræti 3-5		
Póstnúmer 101	Sveitarfélag Reykjavík	
Tölvupóstur sine@sine.is	Sími (heimá) 5525315	Sími (vinna) 5525315

Upplýsingar um kvörtunarefni

Nafn þess aðila, stofnunar eða starfsmanns sem kvörtun beinist að.

Láanasjóður íslenskra námsmanna (LÍN)  
Mennta- og menningarmálaráðherra

Yfir hverju er kvartað (í stuttumáli) ?

Ákvörðun mennta- og menningarmálaráðherra að skrifa undir nýjar úthlutunarreglur LÍN fyrir námsárið 2015-2016. Úthlutunarreglurnar voru birtar í Stjórnartíðindum 25. mars sl. og tóku gildi 1. apríl. Áður hafði stjórn LÍN samþykkt þær, eða þann 13. febrúar sl.. Það liggur sömuleiðis fyrir í málinu að ráðherra var hvattur með sérstöku bréfi frá SÍNE þann 18. febrúar til þess að neita að skrifa undir umræddar úthlutunarreglur en ráðherra hefur í engu svarað bréfi SÍNE þrátt fyrir að ítrekað hafi verið beðið um svör.

SÍNE telur að brotið hafi verið á sínum félagsmönnum með ákvörðun ráðherra að samþykkja fyrrnefndar reglur líkt og nánar verður útlistað undir liðnum "Rökstuðningur" hér fyrir neðan.

Mikilvægt er einnig að hafa í huga sögu og bakgrunn málsins en fyrir námsárið 2014-2015 samþykkti sami ráðherra úthlutunarreglur LÍN sem fólu í sér þrenns konar skerðingu sem sérstaklega var beint gegn námsmönnum erlendis og þá óháð því á hvaða stigi náms þeir voru. Um var að ræða skerðingu á ferðalánum, frítekjumarki og framfærslu allt að 10% (Sjá nánar um framfærsluskerðingu í meðfylgjandi excel skjali, framfærslutölur 2013-2016). Með nýju úthlutunarreglunum heldur ráðherra áfram að skera niður á námsmenn erlendis.

Bó  
JFP



## Upplýsingar sem útfyllist af skrifstofu umboðsmanns

Móttökudagur	Númermáls	Kennitalastjórnsýsluaðila
Efnisflokkun	Meðferð	

Rölkstuðningur fyrir kvörtun.

Það liggar fyrir að með úthlutunarreglum LÍN fyrir námsárið 2015-2016 er verið að skerða allt að 10% af framfærslu nemenda erlendis.

Stjórn SÍNE hefur ítrekað bent á það við LÍN og mennta- og menningarmálaráðherra að umrædd skerðing á framfærslu kemur jafnt niður á alla námsmenn erlendis óháð námsári þeirra.

Sem tilbúið dæmi væri hægt að taka J sem stundar læknisfræði í Slóvakíu. Í fyrra varð J fyrir 10% skerðingu fyrir annað ár sitt í náminu en hann verður nú einnig fyrir 10% skerðingu fyrir þriðja árið með nýju úthlutunarreglunum og má vænta enn meiri skerðingar á næsta ári. Þegar J byrjaði í námi sínu fyrir þremur árum gat hann engan veginn séð þessa skerðingu fyrir eða haft réttmætar væntingar um slika skerðingu.

Þessi orð eiga sérstaklega vel við ef litið er til fyrri yfirlýsinga sem ráðherra hefur gefið frá sér í gegnum tíðina en sem dæmi má taka eftirfarandi orð hans úr myndbroti sem tekið var upp fyrir RANNÍS á síðasta ári:

„Fyrir alla þá sem eru í þeim sporum að taka slika ákvörðun (að fara í nám erlendis), þá mæli ég eindregið með því að fara út, búa erlendis, læra erlendis, það hjálparmanni á svo margan hátt og eitt af því sem það gefur manni að þegar maður kemur heim, og auðvitað vil ég að sem flestir komi heim aftur eftir námið er það að maður fær svolítið öðruvísí sýn á samfélagið sitt maður sér betur bæði kostna og gallana og það er þess vegna að það er svo nauðsynlegt fyrir okkar samfélag sem er jú fámennt og svolítið úr alfaraleið að sem flest okkar ef við eignum tækifæri til nýti sér slik tækifæri sem felast í því að fara í nám erlendis.“

BÉ  
16P



Ef litið er til þeirra gífurlegu hagsmunu sem námsmenn hafa af því að geta stundað nám sitt erlendis verður að telja þessa skerðingu, annað árið í röð, bitna verulega á hagsmunum þeirra verulega. Þannig er ekki að sjá að mennta- og menningarmálaráðherra eða stjórn LÍN hafi gætt að lögum eða vönduðum stjórnsýsluháttum við þessa breytingu.

Stjórn SÍNE telur að jafnvel þó gefa verði ráðherra og stjórnvöldum almennt svigrúm til að gera breytingar á stjórnsýsluframkvæmd þurfi þær að vera innan marka laganna og í þeim efnunum mætti sérstaklega benda á að þær verða að vera byggðar á málefnalegum forsendum.

Þannig er almennt viðurkennt í stjórnsýslurétti að íþyngjandi breytingar, líkt og hér um ræðir, verði að vera kynntar fyrirfram með skyrum og glöggum hætti og með nægjanlegum fyrirvara þannig að þeir aðilar sem málið snerti hefðu raunhæf tækifæri til að gera viðeigandi ráðstafanir og bregðast við breyttri framkvæmd. Það gefur augaleið að einstaklingur sem er í miðum námsferli erlendis, oft einn og óstuddur, hafi ekki verið veitt mikið svigrúm til að bregðast við breyttri framkvæmd eins og hún nú liggur fyrir, annað árið í röð. Þetta á auðvitað sérstaklega við í þessu tilviki sbr. eftirfarandi orð Umboðsmanns Alþingis í máli nr. 6109/2010:

“Sérstaklega ætti þetta við ef hin breytta framkvæmd leiddi til þess að breytt yrði verulega með íþyngjandi hætti skilyrðum fyrir því að njóta tiltekinnar fyrirgreiðslu eða réttinda samkvæmt þeim reglum og framkvæmd sem stjórnvald hefði við haft eða slík fyrirgreiðsla eða réttindi yrðu alfarið felld niður.”

Í þessu tilviki sem hér um ræðir, námsmenn erlendis sem verða fyrir verulegri skerðingu á hagsmunum sínum, þá gátu þeir fyrst gert sér grein fyrir breytingunni eftir að þeir hófu nám, það var enginn fyrirvari hér gerður á og ekki hægt að halda því fram að námsmenn í slíkri stöðu hefðu getað búist við slíkri skerðingu, sbr. áður tilvitnuð orð mennta- og menningarmálaráðherra.

Af þessu er ljóst að hvorki stjórn LÍN né ráðherra hafi gætt með fullnægjandi hætti á að gefa námsmönnum erlendis hæfilegt svigrúm eða fyrirvara til að bregðast við breytingunum. Það liggur nú fyrir að slíkt er illmögulegt þegar kemur að námsmönnum sem hafa nú þegar hafið nám. Þvert á móti hafa stjórn LÍN og ráðherra brotið gegn réttmætum væntingum námsmanna erlendis, sem hafa þegar hafið nám, með slíkri skerðingu á hagsmunum þeirra.

Björn  
Jónasson



Ennfremur má vekja athygli á því að námsárið 2014-2015 var skorið niður 10% á flest alla námsmenn erlendis eftir að nefnd hafði verið skipuð innan LÍN án aðkomu fulltrúa SÍNE, ákvörðunin var illa rökstudd og ekki nógu vel undirbúin.. Nú kemur í ljós með nýsamþykktum úthlutunarreglum 2015-2016 að stjórnvöld gengu of langt, að eigin mati, með skerðingu á framfærslu til ákveðinna landa. Til að mynda hafa stjórnvöld séð ástæðu til þess að hækka smávægilega framfærslu í Ungverjalandi og í fæeinum öðrum löndum (sjá meðfylgjandi excel skjal)

Hefur áður verið kvartað yfir þeim ákvörðunum eða annarri háttsemi sem lýst er hér að framan ?

Nei

Hefur kvörtunarefnið verið lagt fyrir dómstóla ?

Nei

Skrá yfir skjöl og önnur gögn sem fylgja kvörtun.

Framfærslutölur 2013-2016 (Excel skjali)

Athugasemdir:

12. maí 2015

(Dagsetning)

fyrir hendi SÍNE  
Bjöllur Ólafsson formáður  
Jóhann G. Þorsteinsson sérhálfmaður  
(Undirskrift)



Námslánd	Mynt	Grunnframfærsla		Grunnframfærsla		Grunnframfærsla		Grunnframfærsla		Niðurskurður %	Niðurskurður %
		2013-2014	2014-2015	milli ára	2013-2014	2014-2015	milli ára	2013-2014	2014-2015	milli ára	fra 2013-2014
Argentína	USD	1.224	Non	1.660	184	9.98%	1.150	510	30.72%	694	37.64%
Austuríki	EUR	1.844	2.120	2.067	53	2.50%	2.022	45	2.18%	98	4.65%
Ástralía	AUD	2.259	2.033	226	10.00%	2.256	-223	-10.97%	3	0.13%	0.13%
Bandaríkin A	USD	2.000	1.800	200	10.00%	1.762	38	2.11%	238	1.1.95%	1.1.95%
Bandaríkin B	USD	1.286	1.157	129	10.03%	1.157	0	0.00%	129	10.03%	10.03%
Belgíu	EUR	1.189	1.136	53	4.46%	1.066	70	6.16%	123	10.43%	10.43%
Bosnía	EUR	1.457	1.311	146	10.02%	1.070	241	18.38%	387	25.55%	25.55%
Brasília	USD	1.256	Non	82	7.08%	1.520	-444	-41.26%	-362	-31.26%	-31.26%
Búlgaria	EUR	1.158	1.076	1.020	10.00%	8.673	506	5.51%	1526	14.25%	14.25%
Chile	USD	10.199	9.179	1.020	10.00%	8.722	457	4.98%	1477	14.43%	14.43%
Danmörk	DKK	10.199	9.179	1.020	10.00%	9.710	-531	-5.78%	489	4.73%	4.73%
Don. Árhús	DKK	10.199	9.179	1.020	10.00%	8.701	478	5.21%	1498	14.63%	14.63%
Don. Kuupm̄h.	DKK	10.199	9.179	1.020	10.00%	Non	Non	Non	207	15.42%	15.42%
Don. Óđinsv�	DKK	1.169	Non	126	9.99%	1.054	81	7.14%	215	15.01%	15.01%
Egyptaland	EUR	1.261	1.135	134	9.98%	1.128	81	6.70%	144	13.55%	13.55%
Eistland	EUR	1.343	1.209	125	10.02%	1.103	19	1.69%	99	7.14%	7.14%
Ekvador	USD	1.247	1.122	139	10.03%	1.287	-40	-3.21%	Non	Non	Non
England	GBP	1.386	1.247	1.128	10.02%	1.069	60	5.31%	179	16.58%	16.58%
Eng. London	USD	Non	1.129	123	10.02%	1.049	56	5.07%	140	10.70%	10.70%
Filippseyjar	EUR	1.228	1.105	69	5.28%	1.168	71	5.73%	123	0.55%	0.55%
Finnland	EUR	1.308	1.239	76	5.29%	1.315	47	3.45%	233	15.59%	15.59%
Frakkland	EUR	1.438	1.362	149	9.97%	1.262	84	6.24%	187	13.91%	13.91%
Frakk. París	EUR	1.495	1.346	134	9.97%	1.157	53	4.38%	179	11.32%	11.32%
Grikland	EUR	1.344	1.210	134	9.97%	1.165	45	3.72%	Non	Non	Non
Holland	EUR	1.344	1.210	134	9.97%	1.165	Non	Non	Non	Non	Non
Holland. Amst.	EUR	1.542	Non	Non	Non	Non	Non	Non	Non	Non	Non
Hong Kong	USD	1.290	Non	1.169	148	10.00%	1.103	66	5.65%	18	1.72%
Indland	USD	Non	1.332	91	7.67%	1.462	-130	-9.76%	5	3.42%	3.42%
Íran	EUR	1.480	1.095	157	10.03%	1.319	-86	-7.85%	247	15.77%	15.77%
Íska Lýðveldið	EUR	1.186	1.409	157	10.03%	1.358	90	6.39%	208	13.26%	13.26%
Israel	EUR	1.566	1.409	157	10.03%	1.358	51	3.62%	-105	-6.70%	-6.70%
Itál. Milánó	EUR	1.566	1.409	157	10.03%	1.671	-262	-18.59%	Non	Non	Non
Itál. Róm	EUR	1.409	Non	Non	Non	Non	Non	Non	22845	10.51%	10.51%
Japan	JPY	217.262	200.352	16.910	7.78%	194.417	5935	2.96%	23938	3.51%	3.51%
Jap. Tókyo	JPY	217.262	200.352	16.910	7.78%	193.324	7028	0.00%	Non	Non	Non
Kanada	CAD	1.875	1.776	99	5.28%	Non	Non	Non	Non	Non	Non

Kanada A	CAD	1.875	1.776	99	5,28%	1.683	93	5,24%	192
Kanada B	CAD	1.875	1.776	99	5,28%	1.666	110	6,19%	209
Kina	USD	1.542	1.388	154	9,99%	1.285	103	7,42%	257
Kosta Rika	USD	1.316	Non					-3,64%	
Kózóvý	EUR	Non	1.044			1.082	-38		
Króatia	EUR	1.189	1.070	119	10,01%	1.016	54	5,05%	173
Kúba	USD	1.741	Non						
Kýpur	EUR	1.085	1.085	-	0,00%	1.030	55	5,07%	55
Lettland	EUR	1.226	1.103	123	10,03%	979	124	11,24%	247
Lithaien	EUR	1.226	1.103	123	10,03%	1.037	66	5,98%	189
Luxemborg	EUR	1.318	1.318	-	0,00%	1.239	79	5,98%	79
Malájia	USD	1.603	1.443	160	9,98%	1.233	210	14,55%	370
Malta	EUR	1.336	1.202	134	10,03%	1.153	49	4,08%	183
Mexikó	USD	2.013	1.812	201	9,99%	1.494	318	17,55%	519
Mónakó	EUR	Non	1.239			1.472	-233	-18,81%	
Norður-Ísland	GBP	1.247	1.122	125	10,02%	1.229	-107	-9,54%	18
Noregar	NOK	10.380	9.342	1.038	10,00%	10.592	-1250	-13,38%	-212
Nví-a-Síeland	AUD	2.081	1.873	208	10,00%	1.775	98	5,23%	306
Perú	USD	1.378	1.378	-	0,00%	1.249	129	9,36%	129
Portugal	EUR	1.027	924	103	10,03%	858	66	7,14%	169
Polland	EUR	1.226	1.103	123	10,03%	1.017	86	7,80%	209
Rúmenia	EUR	1.280	Non		Non				
Rússland	EUR	1.332	1.199	133	9,98%	1.326	-127	-10,55%	6
Sam. Arabísku fur.	USD	1.494	1.494	-	0,00%	2.348	-854	-57,16%	-854
Serbia	EUR	Non	1.070			954	116	10,84%	
Singapúr	USD	Non	1.593			1.445	148	9,29%	
Skotland	GBP	1.247	1.122	125	10,02%	1.057	65	5,79%	190
Slovákia	EUR	1.189	1.070	119	10,01%	984	86	8,04%	205
Slovénia	EUR	1.189	1.070	119	10,01%	988	82	7,66%	201
Spánn	EUR	1.365	1.229	136	9,96%	1.163	66	5,37%	202
Sudur-Afrika	EUR	1.121	Non		Non				
Sudur-Kórea	USD	1.944	1.800	144	7,41%	1.651	149	8,28%	293
Swiss	CHF	2.950	2.655	295	10,00%	2.519	136	5,12%	431
Svibjóð	SEK	11.088	9.979	1.109	10,00%	9.581	398	3,99%	1507
Tékkland	EUR	1.250	1.125	125	10,00%	1.057	68	6,04%	193
Tyrkland	EUR	1.277	1.149	128	10,02%	1.161	-12	-1,04%	116
Tæland	EUR	1.027	924	103	10,03%	1.194	-270	-29,22%	-167
Ungverjaland	EUR	1.522	1.370	152	9,99%	1.380	-10	-0,73%	142
Wales	GBP	1.247	1.122	125	10,02%	1.049	73	6,51%	198
býskaland	EUR	1.300	1.170	130	10,00%	1.094	76	6,50%	206
býsk. München	EUR	1.428	1.285	143	10,01%	1.212	73	5,68%	216